

**ÁRSSKÝRSLA  
HÆSTARÉTTAR ÍSLANDS  
2006**

## **Inngangur**

Hér gefur að líta ársskýrslu Hæstaréttar Íslands. Í henni er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins á árinu 2006. Að þessu sinni er ársskýrslan ekki gefin út í prentuðu formi heldur einungis birt á heimasíðu réttarins.

Í janúar 2007


Þorsteinn A. Jónsson  
skrifstofustjóri  
Hæstaréttar Íslands

## Ný mál árið 2006

Að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust Hæstarétti á árinu 2006. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 2000-2005. Málunum er annars vegar skipt í áfrýjuð mál, sem flutt eru munnlega fyrir réttinum, og kærumál, sem eru yfirleitt skriflega flutt. Hins vegar er málunum skipt eftir því hvort um er að ræða einkamál eða opinber mál.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
<b>Áfrýjun:</b>							
Einkamál	235	240	257	240	240	265	294
Opinber mál	63	63	73	74	87	88	97
<b>Kæur:</b>							
Einkamál	81	92	131	127	117	129	131
Opinber mál	84	66	113	56	83	71	151
	<b>463</b>	<b>461</b>	<b>574</b>	<b>497</b>	<b>527</b>	<b>553</b>	<b>673</b>


Svo sem sjá má af þessu hefur málum fjölgað verulega á síðasta ári fyrir Hæstarétti.



## Dómar á árinu 2006

Hér að neðan er að finna yfirlit um fjölda dæmdra mála í Hæstarétti á árinu 2006. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 2000-2005. Er máluðum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærumál.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
<b>Áfrýjun:</b>							
Dómar í einkamálum	200	207	194	193	221	190	206
Dómar í opinberum málum	54	56	62	67	68	94	78
<b>Kæur:</b>							
Dómar í einkamálum	84	93	127	125	117	132	120
Dómar í opinberum málum	81	61	106	55	79	71	154
	<b>419</b>	<b>417</b>	<b>489</b>	<b>440</b>	<b>485</b>	<b>487</b>	<b>558</b>



Alls var meðferð 558 mála lokið á árinu, sem er 71 fleiri dómur en á síðasta ári. Af 280 munnlega fluttum málum voru 57 mál flutt fyrir 5 dómurum en 223 mál voru flutt fyrir 3 dómurum. Dómarar skiluðu sératkvæði 28 sinnum á árinu. Í sératkvæðum sínum skiluðu dómarar 17 sinnum annarri efnislegri niðurstöðu og 11 sinnum annarri niðurstöðu að hluta.


## Skipting dæmdra mála eftir málsúrslitum á árinu 2006

Eftirfarandi er skipting dæmdra mála á árinu 2006 eftir málsúrslitum. Er málunum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærumál.

### Áfrýjun


#### *Einkamál*

Heildarfjöldi áfrýjaðra einkamála sem dæmd voru á árinu 2006 er 206 mál. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 83 málum. Í 54 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að einhverju leyti og í 49 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Í 20 tilvikum var málum vísað frá, þau felld niður eða héraðsdómur ómerktur.




### **Opinber mál**

Alls voru dómar í opinberum áfrýjuðum málum 78 á árinu 2006. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 24 málum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að einhverju leyti í 44 málum og eru þar með taldar breytingar á refsingum. Í 5 málum til viðbótar var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Í 5 tilvikum var héraðsdómur ómerktur, málum vísað frá eða þau felld niður.



## Kærum

Alls voru kveðnir upp dómur í 274 kærumálum á árinu 2006. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 182 málum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að verulegu leyti eða snúið við í 81 máli og 11 málum var vísað frá héraðsdómi eða Hæstarétti eða meðferð þeirra ómerkt.





## Ódæmd mál 31. desember 2006

### Áfrýjanir

Eftirfarandi er yfirlit yfir ódæmd mál sem áfrýjað hafði verið til Hæstaréttar fyrir 31. desember 2006. Til samanburðar eru tölur frá 2002 - 2005.

Ódæmd mál 31. desember	2002	2003	2004	2005	2006
---------------------------	------	------	------	------	------

### Áfrýjun

#### Einkamál:

<b>Alls ódæmd</b>	110	124	86	112	120
-------------------	-----	-----	----	-----	-----

#### Par af:

<b>Frestað til flutnings</b>	61	72	51	62	65
----------------------------------	----	----	----	----	----

<b>Frestað til þingfestingar eða greinargerðar</b>	49	52	35	50	55
----------------------------------------------------------------	----	----	----	----	----

#### Opinber mál:

<b>Alls ódæmd</b>	27	24	43	36	53
-------------------	----	----	----	----	----

#### Par af:

<b>Tilbúin til flutnings</b>	20	13	13	24	30
----------------------------------	----	----	----	----	----

<b>Ágrip ekki komið</b>	7	11	26	12	23
-----------------------------	---	----	----	----	----

Fjöldi ódæmdra mála í árslok hefur aukist frá fyrra ári.

### Kæror

Eftirfarandi er yfirlit yfir ódæmd kærumál sem skotið hafði verið til Hæstaréttar fyrir 31. desember 2006. Til samanburðar eru tölur frá 2005.

Ódæmd mál 31. desember	2005	2006
------------------------	------	------

#### Kæror:

<b>Alls ódæmd</b>	6 mál	13 mál
-------------------	-------	--------

## Áfrýjunarleyfi

Heimildir til áfrýjunar mála til Hæstaréttar er að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XVIII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Almennt er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. Eru það einkum mál sem varða lágar fjárhæðir (á árinu 2006 var miðað við mál sem vörðuðu fjárkröfur eða sektir lægri en 454.830 krónur) sem sæta takmörkunum að þessu leyti. Getur Hæstiréttur þó heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum. Eftirfarandi er yfirlit yfir fjölda mála þar sem áfrýjun var heimiluð sérstaklega af Hæstarétti. Til samanburðar eru tölur frá árunum 2001-2005.

Ár:	2001	2002	2003	2004	2005	2006
<b>Fjöldi beiðna</b>	<b>68</b>	<b>53</b>	<b>46</b>	<b>55</b>	<b>45</b>	<b>35</b>
Samþykkt	25	25	22	25	14	12
Hafnað	33	28	22	28	28	21
Afturkallað/óafgreitt	10	0	2	2	3	2

## Endurupptaka mála

Niðurstöður héraðsdóma sem ekki hefur verið áfrýjað og mála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti verða því aðeins endurskoðaðar, að Hæstiréttur ákveði að málið skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almennt skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og XXVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Frá fyrra ári voru 4 beiðnir óafgreiddar. Á árinu 2006 bárust Hæstarétti 6 beiðnir um endurupptöku óáfrýjaðra héraðsdóma og hæstaréttardóma. Til meðferðar voru því 10 beiðnir og af þeim voru 2 samþykktar en 7 hafnað. Ein beiðni beið afgangi í árslok.

## Dómarar

Frá stofnun Hæstaréttar hafa 42 menn verið skipaður í embætti hæstaréttardómara. Þar af voru 5 dómarar skipaðir í embætti á árunum 2000-2006, 16 dómarar á árunum 1980-1999, 10 dómarar á árunum 1960-1979, en einungis hlutu 11 dómarar skipun á þeim 40 árum sem liðu frá stofnun réttarins árið 1920 til ársins 1959. Helgast þessi fjölgun á skipunum hæstaréttardómara meðal annars af því að reglur um fjölda hæstaréttardómara hafa breyst í gegnum tíðina. Þegar Hæstiréttur Íslands var stofnaður skyldi dómstjóri og fjórir meðdómendur skipa dóminn. Mátti þá eigi setja dóm með færri dómendum en fimm. Dómurum við Hæstarétt var fækkað í þrjá með lögum nr. 37/1924. Með lögum nr. 111/1935 var dómurum aftur fjölgað í fimm, en þeir skyldu þó aðeins vera þrír, þangað til fé yrði veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum. Komst það til framkvæmda 1945. Dómurum var fjölgað með lögum nr. 42/1973 í sex, en fimm dómarar skyldu þá skipa dóm. Þó var heimilt að þrír dómarar dæmdu í málum við tiltekin skilyrði. Með lögum nr. 24/1979 var dómurum fjölgað í sjö og með lögum nr. 67/1982 var dómurum fjölgað í átta. Með lögum nr. 39/1994 var dómurum síðan fjölgað í níu. Á árinu 2006 höfðu eftirtaldir dómarar fasta skipun í embætti hæstaréttardómara:

Árni Kolbeinsson hæstaréttardómari  
Garðar Gíslason hæstaréttardómari  
Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari (til 15. apríl 2006)  
Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari  
Hjördís Hákonardóttir (frá 1. maí 2006)  
Hrafn Bragason hæstaréttardómari  
Ingibjörg Benediktsdóttir hæstaréttardómari  
Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari  
Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari  
Ólafur Þórkur Þorvaldsson hæstaréttardómari

Á árinu 2006 var Gunnlaugur Claessen forseti Hæstaréttar, en Hrafn Bragason varaforseti réttarins.

## Aðrir starfsmenn Hæstaréttar

Á árinu 2006 störfuðu alls 14 aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti Íslands.  
Arnar Þór Stefánsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara (frá 1. desember 2006)  
Ásgerður Ragnarsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara  
Ásmundur Helgason aðstoðarmaður hæstaréttardómara  
Grétar Sæmundsson dómvörður  
Halldór Björnsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara (til 20. október 2006)  
Jakóbína Sveinsdóttir bókasafnsfræðingur  
Jóna Björk Helgadóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara (til 31. ágúst 2006)

Jónas Marteinsson dómvörður (frá 1. júní 2006)  
Kristín Guðmundsdóttir ritari  
Kristín Ísleifsdóttir ritari  
Margrét Einarsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara (frá 1. september 2006)  
Selma Antonsdóttir ritari  
Sigvaldi Guðmundsson dómvörður (til 10. júní 2006)  
Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri

## **Varadómarar**

Eftirtaldir varadómarar voru kallaðir til starfa á árinu 2006:  
Haraldur Henrysson fyrrverandi hæstaréttardómari  
Helgi I. Jónsson dómstjóri  
Pétur Kr. Hafstein fyrrverandi hæstaréttardómari  
Viðar Már Matthíasson prófessor

## **Heimasíða Hæstaréttar**

Dómar Hæstaréttar hafa verið aðgengilegir almenningi á heimasíðu réttarins frá janúar 1999. Í upphafi árs 2004 voru gerðar breytingar á heimasíðunni með það að markmiði að auðvelda og einfalda aðgengið enn frekar. Var það einkum gert með því að bæta leitarvélina á síðunni auk þess að gera dagskrá réttarins og nýja dóma aðgengilega á forsíðu hennar. Útliti síðunnar var af þessu tilefni breytt en haldið í sömu efnisþætti og verið höfðu. Sem fyrr eru ýmis konar upplýsingar sem varða starfsemi réttarins að finna á síðunni. Þá prýða síðuna fjöldi ljósmynda af dómhúsinu.

## **Dómasafn Hæstaréttar**

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla skulu dómar Hæstaréttar gefnir út, en um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Dómasafn Hæstaréttar hefur verið gefið út á prenti frá því rétturinn tók til starfa árið 1920. Eins og fram hefur komið eru dómar Hæstaréttar einnig birtir á vefsíðu réttarins. Hefur sú tilhögun orðið til þess að föstum áskrifendum hefur hins prentaða dómasafns hefur fækkað og eru þeir nú 107 talsins.

## **Bæklingur Hæstaréttar**

Gefinn er út á vegum Hæstaréttar litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og dómhús við Arnarhól kynnt. Bæklingurinn er gefinn út á íslensku og ensku og er fáanlegur endurgjaldslaust á skrifstofu Hæstaréttar.

## **Ársskýrsla Hæstaréttar**

Á vegum Hæstaréttar voru á árunum 1999 – 2004 gefnar út prentaðar ársskýrslur, en þar er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins fyrir hvert ár. Þessar ársskýrslur er einnig að finna á heimasíðu réttarins. Eins og á síðasta ári verður ársskýrslan í ár ekki gefin út í prentuðu formi heldur einungis birt á heimasíðu réttarins.

## Aukatekjur Hæstaréttar

Á grundvelli laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs innheimtir Hæstiréttur aukatekjur fyrir ríkissjóð. Er skipting tekna ársins 2006 þessi:

Útgáfa áfrýjunarstefna	4.368.800
Þingfestingar mála	994.700
Endurrit	201.450
Útgáfa áfrýjunarleyfa	38.100
Ljósrit	600
<b>Samtals</b>	<b>5.603.650</b>

## Prófmál

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 um lögmenn, sbr. lög nr. 93/2004, skal sá sem öðlast vill réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður m.a. sýna fram á það með prófraun, sem fellst í munnlegum flutningi fjögurra mála, sem flutt eru í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum, þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin. Þetta fyrirkomulag öðlaðist gildi 1. nóvember 2004. Á árinu 2006 fluttu 25 prófmenn alls 45 prófmál.

Á árinu 2006 luku 8 héraðsdómslögmenn prófraun fyrir Hæstarétti.

## Tilnefningar

Á hverju ári tilnefnir Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grundvelli laga. Eftirfarandi er yfirlit yfir tilnefningar og skipanir réttarins á árinu 2006.

*18. janúar 2006*

**Kærunefnd skv. 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.**

Aðalmenn:

Örn Höskuldsson hæstaréttarlögmaður, formaður

Garðar Valdimarsson hæstaréttarlögmaður

Kristján Jóhannsson lektor

Varamenn:

Kristinn Bjarnason hæstaréttarlögmaður, varaformaður

Guðrún Helga Brynleifsdóttir héraðsdómslögmaður

Gylfi Magnússon lektor

*20. janúar 2006*

**Nefndarmaður í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála með háskólapróf á sviði umhverfismála.**

Aðalmaður:

Geir Oddsson umhverfistjóri Háskóla Íslands

Varamaður:

Helga Jóhanna Bjarnadóttir verkefnisstjóri

*7. mars 2006.*

**Kærunefnd skv. 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.**

Varaformaður:

Sigurmar K. Albertsson hæstaréttarlögmaður

*11. maí 2006*

**Kærunefnd barnaverndarmála**

Aðalmaður:

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari, formaður

Varamaður:

Benedikt Bogason héraðsdómari

*11. maí 2006*

**Áfrýjunarnefnd samkeppnismála – ad hoc**

Helgi I. Jónsson dómstjóri, formaður

15. maí 2006

**Úrskurðarnefnd um greiðslumark skv. lögum nr. 99/1993**

Aðalmaður:

Brynjólfur Sigurðsson forstjóri

Varamaður:

Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður

7. júní 2006

**Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála**

Aðalmenn:

Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður, formaður

Heimir V. Haraldsson löggiltur endurskoðandi

Guðjón Kárason verkfræðingur

Varamenn:

Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður, varaformaður

Geir Geirsson löggiltur endurskoðandi

Þórarinn K. Ólafsson verkfræðingur

9. júní 2006

**Úrskurðarnefnd skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998**

Aðalmaður:

Steinunn Guðbjartsdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður

Varamaður:

Ása Ólafsdóttir hæstaréttarlögmaður

14. júlí 2006

**Kjararáð**

Aðalmaður:

Jakob R. Möller hæstaréttarlögmaður

Varamaður:

Kristinn Bjarnason hæstaréttarlögmaður

21. september 2006

**Matsnefnd skv. 44. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006**

Aðalmenn:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður

Varamenn:

Símon Sigvaldason héraðsdómari

Björn Jóhannesson héraðsdómslögmaður

30. október 2006

**Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála**

Aðalmenn:

Guðný Björnsdóttir héraðsdómslögmaður, formaður

Gunnlaugur Sigurjónsson heimilislæknir, varaformaður



Varamenn:

Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri  
Ósk Ingvarsdóttir, sérfræðingur í kvenlækningum

*9. nóvember 2006*

**Lífeyrissjóður bænda**

Aðalmaður:

Skúli Bjarnason hæstaréttarlögmaður, formaður

Varamaður:

Bjarni Þór Óskarsson hæstaréttarlögmaður

*30. nóvember 2006*

**Dómnefnd skv. 3. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998**

Aðalmaður:

Pétur Kr. Hafstein fyrrverandi hæstaréttardómari

Varamaður:

Friðgeir Björnsson héraðsdómari

*19. desember 2006*

**Úrskurðarnefnd lögmanna – ad hoc**

Ásdís Rafnar hæstaréttarlögmaður

## Almennar upplýsingar

Samkvæmt 10. gr. dansk-íslensku sambandslaganna nr. 39/1918 skyldi Hæstiréttur Danmerkur hafa á hendi æðsta dómshald í íslenskum málum, þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómshald í landinu sjálfu. Þessi heimild var notuð umsvifalaust og var Hæstiréttur Íslands stofnaður með lögum nr. 22/1919 um hæstarétt. Samhliða því að dómshald Hæstaréttar Danmerkur var afnumið var Landsyfirrétturinn, sem settur hafði verið á stofn árið 1800, lagður niður og hafa dómstigin í landinu síðan verið tvö. Hæstiréttur Íslands tók til starfa 16. febrúar 1920.

Um Hæstarétt er nú kveðið á í lögum nr. 15/1998 um dómstóla. Samkvæmt 1. gr. laganna er Hæstiréttur Íslands æðsti dómshald ríkisins. Hann er áfrýjunardómshald og hefur aðsetur í Reykjavík. Heimilt er þó að halda dómþing annars staðar sé til þess sérstök ástæða. Þar sem Hæstiréttur er áfrýjunar- eða málskotsdómshald felast verkefni hans einkum í því að endurskoða dómshaldin héraðsdómshaldanna, sem eru alls átta talsins. Aðrir dómshald eru Félagsdómur og Landsdómur og verður úrlausnum þeirra yfirleitt ekki skotið til Hæstaréttar.

Málum verður skotið til Hæstaréttar með tvenns konar hætti: Annars vegar með áfrýjun máls, hins vegar með kæru. Með áfrýjun er átt við það, að lokaúrlausn héraðsdóms, sem venjulega er í formi dóms, sé skotið til Hæstaréttar til endurskoðunar. Til þess að máli verði áfrýjað þarf að vera fyrir hendi heimild til þess í lögum og er áfrýjunarheimildirnar að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XVIII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í lögnum eru áfrýjunarheimildirnar skilgreindar neikvætt á þá leið, að almennt er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. Eru það einkum mál sem varða lágar fjárhæðir sem sæta takmörkunum að þessu leyti, en Hæstiréttur getur þó einnig heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum.

Með kæru er almennt átt við það, að úrlausn héraðsdómshalds, sem ekki bindur enda á mál að efni til og yfirleitt er í formi úrskurðar eða ákvörðunar, sé skotið til Hæstaréttar. Hér má til dæmis nefna úrskurði héraðsdómara um hvort hann víki sæti í máli og úrskurði um gæsluvarðhald. Í sumum tilvikum verður þó endanlegum úrlausnum héraðsdómshalds skotið til Hæstaréttar með kæru, en ekki með áfrýjun, einkum úrlausnum sem varða gildi svokallaðra fullnustugerða sýslumanna, t.d. aðfarargerða og nauðungarsölu. Heimildir til kæru er einkum að finna í XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XVII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en einnig í ýmsum sérlögum, t.d. lögum nr. 90/1989 um aðför og lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Áfrýjuð mál eru almennt flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Eftir ákvörðun forseta Hæstaréttar taka þrjú eða fimm dómara við Hæstarétt þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérstaklega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómara skipi dóm.

Meðferð kærumála er mjög frábrugðin meðferð áfrýjaðra mála. Felast frávikin aðallega í því að málsmeðferð er skrifleg og gengur mun skjótar fyrir sig en ella.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir og verður þeim ekki skotið til neins annars dómstóls. Mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verður því aðeins endurskoðað, að Hæstiréttur ákveði að málið skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almennt skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og XXVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Nánari upplýsingar um sögu Hæstaréttar, starfsemi, starfsfólk og dómhús réttarins má finna á heimasíðu réttarins. Þá hefur verið gefinn út á vegum réttarins litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og húsakostur kynntur.